

Flataskóli er þátttakandi í Comeniusar-verkefninu „Gaman að læra úti“, (Lively Outdoor Learning, LOL) og vinnur að því verkefni næstu tvö árin. Verkefnið er unnið í samstarfi við skóla í Eistlandi, Ítalíu, Noregi, Póllandi, Spáni og Tyrklandi.

Markmið þessa verkefnis er að skiptast á hugmyndum og verkefnum til að vinna utandyra, auka útikennslu og flétta hana inn í allar námsgreinar skólans og leggja sérstaka áherslu á enskunotkun. Nemendur allra skólanna munu eiga samskipti sín á milli ýmist með bréfaskrifum, á skype eða á eTwinning á TwinSpace og munu samskiptin fara fram á ensku. Fyrsta verkefnið sem við vinnum er jólakveðja til samstarfsaðila.

Vikuna 15.-20. október sl. fóru tveir kennarar frá Flataskóla á fyrsta samskiptafundinn til í Noregi. Það voru þau Anna Lena Halldórsdóttir sem stýrir verkefninu fyrir hönd Flataskóla og Hafþór Þorleifsson umsjónarkennari í 5. bekk.

Fundurinn var haldinn á lítilli eyju sem heitir Haramsøya skammt undan Álasundi á vesturströnd Noregs. Þar búa um 800 manns og stunda um 100 nemendur nám við grunnskóla eyjunnar í 1.-10. bekk. Nemendur frá nærliggjandi eyjum stunda einnig nám við skólann.



Fyrsti dagurinn hófst með fundi. Um hádegið var boðið í mat sem 9. bekkur eldaði fyrir okkur. Boðið var upp á lambakjöt, lax og grænmeti eldað að hætti víkinga. Eftir matinn fórum við svo í könnunarferð um eyjuna.

Annar dagurinn hófst með útikennslu hjá 1.-4. bekk. Við fylgðum þeim eftir og tókum þátt í verkefnunum sem þau unnu. Þema útikennslunnar þann daginn var stærðfærði. Eftir hádegi fylgðum við eftir krökkum í 5.-9.

bekk í Energikamp. Í hverjum hópi voru nemendur úr þessum árgöngum ásamt einum erlendum gesti. Þar fengum við að prófa ýmislegt skemmtilegt eins og t.d. að kveikja eld, spila „frisbee-golf“ og að skjóta úr boga. Nemendur í 10. bekk stjórnðu

stöðvunum og öll samskipti fóru fram á ensku. Eftir það heimsóttum við Rolls Royce verksmiðju en skólinn er í samstafi við hana. Verksmiðjan hennar og framleiðir hluti í skip, t.d. vélar, skrúfur, stýrikerfi og fleira.

Á lokadegi fundarins kynntu þátttakendur sér starf skólans og voru allar bekkjardeildir hans heimsóttar. Fengum við tækifæri til að spjalla við nemendur og skoða verkefni sem þau voru að vinna. Nemendur í 7. bekk höfðu æft sig í að syngja „Kalli litli kónguló“ á íslensku og gerðu þau það með prýði. Við fengum einnig að fylgjast með verkefni sem starfsnemar frá Rolls Royce-verksmiðjunni sjá um með nemendum í 10. bekk. Tilgangurinn með verkefninu er að kynna nemendum tækninám og hvetja þá til að fara í slíkt nám, en mikil eftirspurn er eftir tæknimenntuðu fólki á svæðinu.



Ferðinni lauk með sameiginlegum kvöldverði á föstudagskvöldið. Næsti fundur er í Róm í febrúar og við munum fá góða gesti til okkar í Garðabæinn í maí. Þetta var lærdómsrík og skemmtileg ferð, sem markar upphaf að góðu samstarfi og vinnu sem mun skila okkur enn öflugra skólastarfi.